

Föstudaginn 4. október 1996.

Nr. 365/1996.

Statoil A/S

(Othar Örn Petersen hrl.)

gegn

Adam Eliassen**Herluf Jörgensen****Arnold Yuzaytis****Vladimir Shenko****Anatoly Filippov****Valery Malykov****Alexander Kazhev og****Valery Kozentsov**

(enginn)

Kærumál. Nauðungarsala. Úthlutun söluverðs.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 20. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 6. september 1996, þar sem efnislega var staðfest ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði 14. mars 1996 um úthlutun til varnaraðila af söluverði skipsins Atlantic King, sem var selt nauðungarsölu 29. nóvember 1995. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að fyrrgreindri ákvörðun sýslumanns verði breytt á þann veg, að varnaraðilarnir Adam Eliassen og Herluf Jörgensen fái hvor um sig einungis úthlutað 92.125 krónum auk „hóflegs innheimtukostnaðar“, af söluverði umrædds skips, en kröfum annarra varnaraðila um úthlutun verði hafnað. Til vara krefst sóknaraðili þess, að við úthlutun upp í kröfur varnaraðila verði miðað við, að fjárhæð kröfu hvers þeirra nemi 201.120 krónum, en til frádráttar komi innborganir á kröfur annarra varnaraðila en Adams Eliassen og Herlufs Jörgensen. Í báðum tilvikum krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilar hafa allir aflað dóms á hendur Arctic Ice Corporation, sem gerði út og átti skipið Atlantic King, um launakröfur sínar, sem þeir leita nú fullnustu á við úthlutun söluverðs skipsins við nauðungarsölu. Í dómunum er meðal annars kveðið á um staðfestingu sjóveðsréttar fyrir kröfunum. Dómar þessir eru bindandi um réttindi varnaraðilanna á hendur nefndu félagi, sem er gerðarþoli við nauðungarsöluna, og geta því ekki komið til endurskoðunar við úrlausn ágreinings um fullnustugerð gagnvart félaginu. Verður því ekki hreyft við niðurstöðum þeirra dómsmála í þessu máli.

Við meðferð sýslumanns á ágreiningi málsaðila um frumvarp hans til úthlutunar á söluverði umrædds skips viðurkenndu sex varnaraðilanna innborganir á kröfur sínar, sem ekki hafði verið greint frá í dómsmálum um þær, og lækkuðu fjárhæð krafanna sem því svarar. Sóknaraðili hefur ekki sannað gegn andmælum varnaraðila, að hér hafi verið um að ræða fullnaðargreiðslur á kröfum þeirra eða að frekari innborganir hafi verið inntar af hendi.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, verður kröfum sóknaraðila hafnað, og skal fyrrnefnd ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði 14. mars 1996 standa óbreytt. Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað verður óraskað, en kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun sýslumannsins í Hafnarfirði 14. mars 1996 um úthlutun söluverðs skipsins Atlantic King, sem var selt nauðungarsölu 29. nóvember 1995, er staðfest.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falla niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 6. september 1996.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 30. ágúst sl. að loknum munnlegum málflutningi. Það barst Héraðsdómi Reykjaness í ábyrgðarbréfi 21. mars 1996, þar sem beðið er um úrlausn ágreinings um úthlutun nauðungarsöluverðs ms. Atlantic King.

Sóknaraðili er Statoil A/S, Þórshöfn í Færeyjum.

Varnaraðilar eru Adam Eliassen, Túngötu 3, Bessastaðahreppi, Herluf Jørgensen, Lækjarhvammi 15, Hafnarfirði, Arnold Yuzaytis, Vladimir Shenko, Anatoly Filippov, Valery Malykov, Alexander Kazhev og Valery

Kozentsov, allir í gögnum málsins skráðir með aðsetur hjá Arktisk Marin Management A/S, Skippergt. 54, 9008, Tromsø.

Aðaldómkrafa sóknaraðila er, að hafnað verði greiðslum á kröfum kröfuhafa nr. 7-12 samkvæmt frumvarpi sýslumanns að úthlutunargerð nauðungarsöluandvirðis ms. Atlantic King, skrásetningarnúmer 01942246, þeirra Arnolds Yuzaytis, Vladimirs Shenko, Anatolys Filippov, Valerys Malykov, Alexanders Kazhev og Valerys Kozentsov, og að kröfur kröfuhafa nr. 5 og 6, þeirra Adams Eliassen og Herlufs Jörgensen, verði lækkaðar þannig, að einungis verði greitt vegna hvorrar þeirra 92.125 krónur auk hóflegs innheimtukostnaðar.

Til vara er þess krafist, að úthlutað verði upp í kröfur kröfuhafa nr. 5 til 12 miðað við, að hver krafa nemi 201.120 krónum auk vaxta frá 20. desember 1994 til greiðsludags að teknu tilliti til innborgana, sem gengið hafi til kröfuhafa nr. 7 til 12.

Í báðum tilvikum er þess krafist, að varnaraðilar verði dæmdir til þess að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Varnaraðili gerði í greinargerð sinni þá aðalkröfu, að málinu yrði vísað frá dómi. Í málflutningi kom fram, að ekki er deilt um frávísunarkröfuna, heldur snýst ágreiningur aðila eingöngu um það, hvort greiðslur samkvæmt skjali nr. 104 hjá sýslumanni eru fullnaðargreiðslur eða greiðslur upp í hærri kröfur. Skjalið hljóðar svo:

„Nr. 104. Lagt fram hjá sýslumanninum
í Hafnarfirði 14. 3. 1996 ÓPH [sign.]

Regarding vessel:

Atlantic King, Arctic Ice Corp., P. O. BOX 66, IS-210 Garðabær, ICELAND

	Days:	Brutto:	
Period: 25/7 – 17/12	144	28.332.290	205,3
Name:	Salary	Paid in advance	Nett Salary
1) Arnold Yuzaytis	274.586	33.000	241.586
2) Vladimir Shenko	274.586	17.000	257.586
3) Anatoly Filippov	274.586	15.000	259.586
<u>Total:</u>	<u>823.758</u>	<u>65.000</u>	<u>758.758</u>

	Days:	Brutto:	
Period: 5/10 – 17/12	72	10.265.000	
Name:	Salary	Paid in advance	Nett Salary
4) Valery Malykov	92.125	23.740	68.385

5) Alexander Kazhev	92.125	26.080	66.045
6) Valery Kozentsov	92.125	17.360	74.765
<u>Total:</u>	<u>276.375</u>	<u>67.180</u>	<u>209.195</u>
<u>Grand Total (ÍSL KR):</u>			<u>967.953</u>

VOTTAD

[ólæsilegt]“

Samkvæmt þessu er því krafa varnaraðila sú, að frumvarp sýslumanns í Hafnarfirði, dags. 4. janúar 1996, verði staðfest með þeim breytingum, sem leiðir af innborgunum, þannig, að kröfur kröfuhafa nr. 7-9 verði 596.957 krónur til hvers þeirra, í hlut kröfuhafa nr. 10 og 11 komi 625.521 króna til hvors og til kröfuhafa nr. 12 komi 608.521 króna.

Lögmaður varnaraðila gerði áskilnað um framlagningu málskostnaðar-reiknings og lagði hann fram í þinghaldi 30. ágúst sl. Er reikningurinn að fjárhæð 582.067 krónur.

Málavextir, málsástæður aðila og lagarök.

Kröfuhafar samkvæmt kröfum nr. 5-12, sem að framan greinir, voru í áhöfn ms. Atlantic King, skráningarnr. 01942246, sem þá var í eigu Arctic Ice Corporation og skráð í Belize í Mið-Ameríku, og er deilt um úthlutun söluverðs skipsins, sem þeim var selt nauðungarsölu 29. nóvember 1995.

Sóknaraðili færir þau rök fyrir aðalkröfu sinni, að greiðslur þær, sem komu í hlut kröfuhafa nr. 7-12 samkvæmt skjali nr. 104 hjá sýslumanni, dagsettu 20. desember 1994, og rakið er í málavaxtalýsingu, hafi verið fullnaðargreiðslur til þeirra. Skjalið beri ekki með sér, að um innborgun á hærri kröfu hafi verið að ræða og hvíli sönnunarbyrðin fyrir því á varnaraðilum.

Fyrir varakröfu sinni færir sóknaraðili fram þau rök, að yfirgnæfandi líkur séu til þess, að laun varnaraðila hafi ekki getað numið hærri fjárhæð en 201.120 krónum, og beri því að úthluta kröfuhöfum nr. 5 og 6 201.120 krónum og sömu fjárhæð að fráðregnum innborgunum samkvæmt uppgjöri, dagsettu 20. desember (skjal 104 hjá sýslumanni). Engir ráðningarsamningar liggi fyrir um kjör skipverja, og vísar hann máli sínu til stuðnings til launakjara skipverja á sambærilegu úthafsveiðiskipi, sem ráðnir höfðu verið á viðkomandi skip fyrir milligöngu sama aðila og annaðist ráðningu skipverja á ms. Atlantic King. Samkvæmt þeim gögnum, sem hann vísar til, sé föst mánaðargreiðsla til háseta á sambærilegu skipi 250 Bandaríkjadalar auk 0,5% hlutar af brúttóaflla. Miðar sóknaraðili útreikning sinn við brúttóafllaverðmætistölur, sem hann hafi frá útgerð skipsins. Telur sóknaraðili, að varnaraðilar verði að bera hallann af því að hafa ekki lagt fram skjallæg gögn um launakjör sín um borð í ms. Atlantic King.

Um heimild sína til þess að láta reyna á sakarefni þetta fyrir dómstólum vísar sóknaraðili til 116. greinar laga nr. 91/1991, og kröfuna um breytingu á frumvarpi sýslumanns til úthlutunargerðar styður hann við meginreglur kröfuréttar um réttaráhrif greiðslu á tilvist peningakröfu.

Röksemdir varnaraðila eru einkum þær, að til stuðnings kröfum þeirra liggi dómar Héraðsdóms Reykjaness. Dómar þessir séu bindandi, sbr. 116. grein laga 91/1991, og framlagning skjala annarra en fullnaðarkvittana fyrir hverjum dómi fyrir sig fái þar engu um breytt. Í dómsmálum þessum hafi þing verið sótt af hálfu útgerðar skipsins og kröfurnar viðurkenndar. Fyrir liggi símbréf frá umboðsskrifstofu varnaraðila í Noregi, er annaðist ráðningu þeirra, sem staðfestir, að þeir hafi verið ráðnir á sömu kjörum og íslenskir og færeyskir skipverjar, og sé krafa þeirra til launa í samræmi við það. Vísað er til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o. fl., sem kveði á um, að laun og önnur starfskjör skuli vera óháð kyni og þjóðerni, m. a. fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein, sem samningurinn tekur til. Þá bendir hann á, að sóknaraðili sem uppboðskaupandi hafi af því beina hagsmuni, að laun varnaraðila séu sem lægst.

Niðurstaða.

Málflutningur sóknaraðila í máli þessu er studdur því, að í dómsmálum þeim, sem varnaraðilar reistu á kröfur sínar til úthlutunar, hefði vegna skorts á gögnum og sönnunarstöðu málsaðila ekki fengist rétt niðurstaða. Með öðrum orðum grundvallar hann kröfur sínar á því, að í máli þessu komi nefndir dómar, sem hafa ekki sætt áfrýjun til Hæstaréttar, til endurskoðunar og síðan verði miðað við niðurstöðu þeirrar endurskoðunar við úthlutun á uppboðsandvirði ms. Atlantic King. Ekki verði stuðst við dóm-ana óbreytta, eins og sýslumaður í Hafnarfirði gerði í frumvarpi sínu að úthlutunargerð 4. janúar 1996.

Í máli sem þessu eru það ákvarðanir sýslumanns, er urðu tilefni málsins, sem takast má á um, svo og málskostnaður og annað ekki, sé ekki um slíkt samið að fengnu samþykki héraðsdómara, sbr. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 90/1991. Um slíkt frávik er ekki að tefla í máli þessu. Geta málsaðilar því aðeins deilt um úthlutun söluverðs skipsins. Endurskoðun dóma þeirra, sem varnaraðilar styðjast við í kröfugerð sinni til uppboðsandvirðisins, getur ekki komið til álita í máli þessu. Lítur dómari svo á, að 2. tl. 116. greinar laga nr. 91/1991 leiði óhjákvæmilega til þessarar niðurstöðu. Sakarefnið, sem fengist er við, er endanlega til lykta leitt, og er sú niðurstaða bindandi fyrir sóknaraðila að þessu leyti.

Samkvæmt framangreindu verður frumvarp sýslumanns staðfest með

þeim lækkunum, sem varnaraðilum var heimilt að gera og greinir í úrskurðarorði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Staðfest er frumvarp sýslumanns í Hafnarfirði að úthlutunargerð nauðungarsöluandvirðis ms. Atlantic King, dagsett 4. janúar 1996, að því er varðar kröfuhafa nr. 5-12, þannig að kröfur Adams Eliasen og Herlufs Jörgensen nr. 5 og 6 standi óbreyttar, kröfur Arnolds Yuzaytis, Vladimirs Shenko og Anatolys Filippov nr. 7-9 lækki í 596.957 krónur til hvers þeirra, kröfur Valerys Malykov og Alexanders Kazhev nr. 10 og 11 lækki í 625.521 kr. til hvors og krafa Valerys Kozentsov nr. 12 lækki í 608.521 krónu.

Málskostnaður fellur niður.
